

Drottningarbrautarreitur - Hafnarstræti
Akureyri

Húsakönnun – 2012

Árni Ólafsson arkitekt faí

Skipulagsdeild Akureyrar

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

© Akureyrarbær

© Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf.

Forsíðumynd: Hafnarstræti í júní 1994. © ÁÓ

Efnisyfirlit

1. Inngangur 4
2. Helstu forsendur 5
2.1. Staðhættir 5
2.2. Skipulagssaga 7
2.2.1. Uppbygging fram að aðalskipulaginu 1927 7
2.2.2. Aðalskipulagið 1927 og áhrif þess 8
2.2.3. Nútímaborgarskipulag 10
2.3. Byggingarsaga 14
2.3.1. Tímabil timburhúsanna. 14
2.3.2. Steinsteypuklassík. 14
2.3.3. Nútímabyggingar. 15
2.3.4. Samantekt 15
3. Bæjarumhverfi 18
3.1. Bæjarmynstur 18
3.2. Göturými 19
3.3. Staðhættir á athugunarsvæðinu 20
3.3.1. Heildir 20
3.3.2. Kennileiti 21
4. Mat á varðveislugildi 22
4.1. Fyrri húsakannanir 22
4.2. Varðveisluverð hús 24
5. Húsaskrá 25
5.1. Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir 25
5.2. Hafnarstræti 67, Skjaldborg 26
5.3. Hafnarstræti 71 28
5.4. Hafnarstræti 73, Lón, Dynheimar 30
5.5. Hafnarstræti 75 32
5.6. Hafnarstræti 77 33
5.7. Hafnarstræti 79 35
5.8. Hafnarstræti 81 37
5.9. Hafnarstræti 83-85 39
5.10. Hafnarstræti 87-9, Hótel KEA 41
5.11. Hafnarstræti 82, Bögglageymslan, Umferðarmiðstöðin 43
5.12. Hafnarstræti 86a (verður 84) 45
5.13. Hafnarstræti 86, Verslunin Eyjafjörður 47
5.14. Hafnarstræti 88, Íslandsbanki 49
5.15. Hafnarstræti 90 51
5.16. Hafnarstræti 92, Bautinn 53
5.17. Kaupvangsstræti 1 55
5.18. Varðveislumat – einfaldað yfirlit 57
5.19. Horfin hús 58
6. Tillaga um verndarákvæði 61
7. Heimildaskrá 62

1. Inngangur

Húsakönnun þessi er unnin að beiðni Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar í tengslum við gerð deiliskipulags svokallaðs Drottningarbrautarreits sunnan Kaupvangsstrætis í miðbæ Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum skal við gerð deiliskipulags í þegar byggðu hverfi lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru með gerð húsakönnunar (37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Fyrir liggur tillaga um deiliskipulag svæðisins, þar sem lögð er áhersla á varðveislu þeirrar byggðar sem fyrir er og styrkingu götumyndarinnar, sem hún mótar. Tillagan hefur ekki neikvæð áhrif á stöðu gömlu húsanna eða götumynd Hafnarstrætis en á hinn bóginn breytir hún ásýnd svæðisins og yfirbragði að því marki að landfyllingar, nýtt land frá síðari hluta 20. aldar, sem hingað til hafa verið nýttar á ýmsan hátt, m.a. fyrir byggingar og athafnastarfsemi en á seinni árum undir bílastæði, verða teknar undir byggð með íbúðum og miðbæjarstarfsemi.



Mynd 1.1. Afmörkun skipulagssvæðis Drottningarbrautarreits og athugunarsvæðis húsakönnunar (rauð lína). Áætluð strandlína um aldamótin 1900 sýnd með blárri línu.

Húsakönnunin miðast fyrst og fremst við nútímann, þ.e. stöðu byggingana í dag, húsagerð, ástand, samhengi þeirra og hlutverk í bæjarmyndinni. Gerð er grein fyrir megindráttum í sögu svæðisins, uppbyggingu og breytingum á umhverfi. Ekki er farið nákvæmlega í eigendasögu húsanna, nýtingu þeirra eða breytingar frá upphafi. Eftir föngum er stuðst við gamlar ljósmyndir til þess að birta uppbyggingarsögu svæðisins og breytingar á bæjarmyndinni.

Könnunin er unnin af Árna Ólafssyni arkitekt í samvinnu við Skipulagsdeild Akureyrarbæjar. Sædís Gunnarsdóttir verkefnastjóri fasteignaskráningar, lóðarskrárritari á Skipulagsdeild sá um heimildaöflun úr gögnum Akureyrarbæjar.

2. Helstu forsendur


Á síðasta áratug 19. aldar hófst uppbygging núverandi miðbæjar Akureyrar á Torfunefi. Afgerandi áfangar í upphafi voru uppbygging verslunarhúsa og hafnargerð. Pöntunarfélag Eyfirðinga, síðar KEA, reisti fyrsta verslunarhús sitt við Hafnarstræti (nú nr. 90) árið 1898 og 1907 var lokið við Torfunefsbryggju. Þungamiðja verslunar, þjónustu og vöruflutninga færðist þar með frá gömlu Akureyri yfir á Torfunef og uppbygging hófst þar af krafti. Segja má að þessi tilfærsla þungamiðju athafna og umsvifa í bænum hafi bjargað gömlu byggðinni í Fjörunni og Innbænum frá því að verða undir á framfaraskeiði næstu áratuga.

Skipulagssaga miðbæjarins er rakin í megindráttum í Húsakönnun fyrir miðbæ Akureyrar frá janúar 2009 og vísast til hennar um nánari drætti þeirrar sögu.[1]

2.1. Staðhættir


Byggðin á athugunarsvæðinu er nær öll á landfyllingu. Elstu húsin næst Kaupvangsstræti voru byggð á lítilli eyri, Torfunefi, um og fyrir aldamótin 1900. Ofan byggðarinnar er 25-35 m há brött brekka, sem áður náði fram í sjó. Inn í brekkuna skerast hvilftir og gil og á milli þeirra standa fram nef og höfðar. Mest er Grófargil upp af Torfunefi þar sem umsvif KEA og iðnaðarstarfsemi var hvað fjölskrúðugust um og upp úr miðri 20. öld.

Brekkan er nú skógi vaxin en víða eru rofabörð neðst í henni á baklóðum húsanna vestan Hafnarstrætis þar sem brattinn er mikill en þar var mikið efni tekið á sínum tíma og nýtt í fyllingar undir byggingarlóðir. Trjágróðurinn felur landslagið að mestu og brattinn gerir landið illfært. Fjölfarin gönguleið liggur upp á brekkuna um kirkjutröppurnar upp frá hótel KEA og þaðan liggur stígur að Sigurhæðum, húsi þjóðskáldsins Matthísasar og niður stallaðan gróðurreit niður á Hafnarstræti.



Mynd 1.2. Snið í brekku og landfyllingar, tekið við Hafnarstræti 77 og 82. Á þessum stað er núverandi strandlína um 100 m utar en um þarsíðustu aldamót.

Landslagið setur sterkan svip á svæðið þar sem brekkan myndar bakgrunn og styrkir einfalda húsaröðina milli miðbæjar og Innbæjar. Nálægðin við Pollinn var meiri áður fyrr og eitt megineinkenni svæðisins. Nú er um 100 m breið landfylling undan brekkurótum og meginumferðargata bæjarins liggur meðfram sjónum. Samband byggðar og sjávar hefur því breyst og er nú fyrst og fremst sjónrænt.



Mynd 1.3. Einfölduð mynd af landslagi upp úr aldamótunum 1900. Slitin lína sýnir núverandi strandlínu.

Sunnan athugunarsvæðisins teygist nokkkuð á húsaröðinni þar sem Sjónarhæð stendur lengra frá götu en önnur hús. Þá kemur Samkomuhúsið og gamli barnaskólinn á Barðsnefi. Sunnar tekur síðan við þéttari byggð í Fjörunni og Innbænum.

[1] Hanna Rósa Sveinsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. Húsakönnun í miðbæ Akureyrar. Janúar 2009.



Mynd 1.4 Hafnarstræti 1931. Hér hefur verið grafið úr brekkunni til þess að búa til lóðir vestan götunnar. Mynd: Vigfús Sigurgeirsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 1.5. Hafnarstræti 2007. Sjónarhornið annað en húsin að mestu þau sömu og 1931. Mynd: ÁÓ.


2.2. Skipulagssaga

Skipulagssögu svæðisins má til einföldunar skipta í þrjú tímabil.

2.2.1. Uppbygging fram að aðalskipulaginu 1927


Frá tíunda áratug 19. aldar og fram að 1927 byggðist upp hinn nýi miðbær Akureyrar á Torfunefi eftir skipulagsuppdráttum, sem bæjarstjórn lét vinna. Miðbærinn var fyrst og fremst þéttbyggður timburhúsabær að þeirra tíma hætti.

Byggðin, sem hér um ræðir er að mestu leyti á nýju landi, fyllingu, sem smám saman hefur stækkað eftir þörfum hvers tíma. Fram á síðari hluta 19. aldar féll sjórinn upp að brekkurótum. Þá var ráðist í að gera færan veg milli bæjarhlutanna tveggja, Innbæjarins og Oddeyrar. Barnaskóli var byggður mitt á milli hverfanna á Barðsnefi, skammt sunnan athugunarsvæðisins.



Mynd 2.1. Skipulagsuppdráttur, Akureyri 1900. Aðalsteinn Halldórsson. Héraðsskjalasafnið á Akureyri.

Fyrstu húsin á athugunarsvæðinu, Hafnarstræti 90 og 88, sjást á skipulagsuppdrætti yfir Akureyri frá 1900 (merkt með hring). Þjóðskáldið Matthías byggði Sigurhæðir uppi í brekkunni 1903 en síðan hófust menn handa við að fylla út í Pollinn með efni m.a. úr brekkunni og búa til byggingarland suður af Torfunefi. Fyrst byggðist húsaröðin austan Hafnarstrætis þannig að gatan lá milli hennar og brekkurótar. Síðar var enn grafið úr brekkunni þannig að einnig væri unnt að reisa byggingar vestan götunnar.




Mynd 2.2. Akureyri 1903. Úr bókinni Um skipulag bæja eftir Guðmund Hannesson, Reykjavík 1916.



Mynd 2.3. Hafnarstræti 1913. Hafnarstræti 84 syðst (rifið 1990) og nr. 86a óbyggt. Gatan liggur í brekkurótinni. Ljósm.: O. Lübeck/Sächsische Landesbibliothek Abr. Deutsche Foteothek.

2.2.2. Aðalskipulagið 1927 og áhrif þess

Með gerð aðalskipulags Akureyrar 1926-7 (ASAK27) unnu þeir Guðmundur Hannesson prófessor og Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins, sem voru í skipulagsstjórn ásamt Geir Zoëga, ákveðna stefnumótun um uppbyggingu Akureyrar, sem markaði megindrætti miðbæjarins, eins og hann er nú. Á þessum árum vann Skipulagsstjórn ríkisins aðalskipulag margra þéttbýlisstaða og höfðu þeir félagar Guðmundur og Guðjón hliðsjón af hefðbundnu evrópsku bæjarskipulagi með randbyggðum[2] byggðareitum[3], ákveðnum göturýmum, bæjarvöllum (görðum) og torgum. Má til dæmis nefna Hafnarfjörð 1933 og Akranes 1927 með sveigðum göturýmum. Frumkvöðlastarf þeirra félaga í skipulagsmálum hefur markað varanleg spor í íslensku bæjarumhverfi og er eftirtektarverður sá munur, sem er á umhverfisgæðum hins hefðbundna evrópska bæjarumhverfis sem þeir mótuðu og þess nútímalega, sem varð allsráðandi á uppgangstímum síðarihluta 20. aldar.



Mynd 2.4. Aðalskipulag Akraness 1927, unnið af Guðjóni Samúelssyni og Guðmundi Hannessyni.



Mynd 2.5 Dæmi um sveigða götumynd í skjólsælu bæjarskipulagi Akraness.

[2] Randbyggð: Samfelldar húsaraðir meðfram götu sem gjarnan mynda lokaða inngarða.
[3] Byggðareitur: Reitur afmarkaður af götum í gatnaneti.

Með aðalskipulaginu mótast t.d. Eiðsvöllur og Ráðhústorgið ásamt gatnakerfinu norður af því en einfalt gatnakerfi suðurhluta miðbæjarins tók hins vegar mið að því sem fyrir var. Í skipulaginu var gert ráð fyrir því að steinhús kæmu í stað timburhúsanna og var stefnt að endurnýjun byggðarinnar að því leyti. Ástæða þessa voru stórbrunar á Akureyri 1908 og 1912 og í Reykjavík 1915 þegar fjölmörg hús í Kvosinni brunnu. Settar voru verulegar skorður við byggingu timburhúsa í þéttbýli í kjölfarið.

Á skipulagsuppdrættinum sést tillaga um samfellda randbyggð á athugunarsvæðinu. Athyglisvert er að sjá áform um algera enduruppbyggingu á suðurhluta Oddeyrar, bæjarhluta sem byggst hafði upp á árabilinu 1875-1925 og var nánast nýr á þessum tíma. Ummerki um þessi áform sjást þar í litlum fjölbýlishúsum, sem byggðust samkvæmt skipulaginu við Gránufélagsgötu, sitt hvorum megin við Iðavöll.



Mynd 2.6 Aðalskipulag Akureyrar, 1927.



Mynd 2.7 Aðalskipulag Akureyrar, 1927, suðurhluti miðbæjar. Samfelldar húsaraðir meðfram Hafnarstræti.

Á fjórða áratugnum hófst uppbygging sunnan Kaupvangsstrætis samkvæmt aðalskipulaginu og á nokkru árabili byggðist upp húsaröðin frá Hafnarstræti 81 að 89 (hótel KEA). Austan götunnar var einnig hafist handa við uppbyggingu steinhúsa þegar fyrsti áfangi stórhýsis var byggður við gafl Hafnarstrætis 86 árið 1939. Einungis hluti fyrstu hæðar var byggður og gekk lengst af undir nafninu Verslunin Eyjafjörður. Húsið var rifið 1991.

Heimamenn ákváðu að miðbæjarbyggðin yrði hærri en áformað var í aðalskipulaginu í upphafi og varð meginreglan sú að ný hús væru fjögurra hæða en fjórða hæðin inndregin til þess að þrengja ekki að göturýminu. Fyrir utan gatnaframkvæmdir við Glerárgötu og Drottningarbraut sbr. næsta kafla má segja að fátt hafi verið gert í miðbænum, sem beinlínis brýtur gegn megindráttum gamla aðalskipulagsins – en þá er vitaskuld horft framhjá því að enn standa nokkur gömul timburhús, sem þá var gert ráð fyrir að vikju.



Mynd 2.8 Ýmsir skipulagsuppdrættir voru unnir þótt ekki fengju þeir formlega afgreiðslu. Þessi uppdráttur var tekinn saman af Teiknistofu Skipulags ríkisins 1958. Hann byggist á mælingum frá 1924, 1944, 1947 og 1945. Inn á hann eru dregnar skipulagslínur t.d. á Suðurbrekkunni. Á þessum hluta uppdráttarins sjást hugmyndir að nýrri aðalgötu í gegn um bæinn á fyllingu framan við gömlu byggðina. Guðmundur Hannesson hafði viðrað slíkar hugmyndir 1938. Héraðsskjalasafnið á Akureyri.


2.2.3. Nútímaborgarskipulag

Nútímaborgarskipulag hélt innreið sína á Íslandi með gerð aðalskipulags Reykjavíkur 1963 þar sem gert var ráð fyrir flokkun og aðgreiningu nær allra skipulagsþátta í stað blandaðrar samfelldrar byggðar með öllum sínum meintu ókostum.

Haldin var skipulagssamkeppni um skipulag miðbæjar Akureyrar 1963 og báru flestar tillögurnar sterk einkenni þessa módernisma og gerðu fæstar ráð fyrir að neitt gamalt fengi að standa áfram ef frá eru talin Landsbankinn og skrifstofuhús KEA (sjá myndir 2.9 og 2.10). Fyrstu verðlaun fengu þeir Gunnlaugur Halldórsson og Manfreð Vilhjálmsson arkitektar. Á þessum tíma áttu hefðbundin borgarrými, sem þeir Guðmundur og Guðjón höfðu unnið með í aðalskipulagi fjölmargra bæja á Íslandi, ekki upp á pallborðið heldur nútímaleg opin, björt, fljótandi og fjölnýtanleg rými auk þess sem samgöngubylting einkabílisins hafði sterk áhrif á viðhorf manna til borgarskipulags. Skipulagssamkeppnin hafði lítil áhrif á miðbæjarskipulagið á þessum tíma.

Nýtt aðalskipulag var gert í upphafi áttunda áratugarins (ASAK72)[4] þar sem hinir nýju straumar í skipulagsmálum komu skýrt fram (flokkun og aðgreining allra þátta). Þar voru lögð drög að Glerárgötu og nýrri braut í framhaldi hennar á fyllingu út í Pollinum sem meginumferðaræð í gegn um bæinn. Í framhaldinu var tekið til við heildarskipulagningu miðbæjarins[5] og var þar unnið með lausnir nútímaborgarskipulags með áherslu á umferðarmál og bílastæði. Bæjarmynd miðbæjarskipulagsins var einnig opnari en hin hefðbundna evrópska bæjarmynd gamla aðalskipulagins.

[4] Aðalskipulag Akureyrar 1972-93. Teiknistofan Garðastræti 17. Gestur Ólafsson, Einar B. Pálsson. Staðfest 17.12.75.
[5] Akureyri, deiliskipulag miðbæjar. Staðfest 6.5.1981. Unnið af Finni Birgissyni skipulagsstjóra á grunni tillögu Svans Eiríkssonar arkitekts.




Mynd 2.9. Samkeppni um miðbæ Akureyrar 1963. Innkeypt tillaga Guðmundar Samúelssonar arkitekts tekin sem dæmi um tíðarandann.



Mynd 2.10. Samkeppni um miðbæ Akureyrar. Samanburður á framtíðarsýn 1963 og veruleika 2011.

Á grundvelli aðalskipulagsins og deiliskipulags miðbæjarins voru Glerárgata og Drottningarbraut lagðar í þeirri mynd sem þær eru í dag. Gerð Drottningarbrautar var að mestu lokið 1976 en upp úr 1980 var fyllt í hluta Torfunefshafnar og lokið við tengingu Drottningarbrautar til norðurs að Glerárgötu sem brotin hafði verið leið í gegn um þétta byggð miðbæjar og Oddeyrar. Með þessum landfyllingum breyttist bæjarmynd Akureyrar verulega. Byggðin undir brekkurótinni sem verið hafði nánast í fjöruborðinu sneri nú bakhlið að meginumferðaræð bæjarins. Hafnarstræti var ekki lengur þjóðvegurinn í gegn um bæinn og hin sögulega bæjarmynd Hafnarstrætis fjarlægðist hinn almenna bæjarbúa. Bakhús, skemmur, prentsmiðja Odds Björnssonar (síðar hús Hitaveitu Akureyrar) og óræktuð og ófrágengin landfylling varð andlit þessa hluta miðbæjarins. Drottningarbrautin hafði þannig mikil áhrif á bæjarmynd Akureyrar, ekki síst með því að með henni urðu til ný sjónarhorn sem áður var einungis hægt að ná af hafi. Þar sem fyrirséð var að landfyllingarnar yrðu óbyggðar um langan tíma var gengið frá bílastæðum á hluta svæðisins og ræktað upp skjólbelti

meðfram Drottningarbraut m.a. til þess að skýla mishrörlegum bakhúsum og bakhliðum gömlu húsanna (sjá myndir 5.19.1 og 5.19.2).



Mynd 2.11 Gildandi deiliskipulag, staðfest 1981. Drottningarbraut útfærð í samræmi við aðalskipulagið frá 1972. Breyting hefur síðan verið gerð á lóð Kaupvangsstrætis 1.



Mynd 2.12. Glerárgata áður en þjóðveginum var brotin leið í gegn um hverfið. Það glittir í þak Sjallans til hægri. Ljósm: Gísli Ólafsson, Minjasafnið á Akureyri.

Fyrir utan þessar gatnaframkvæmdir, gerð bílastæða austan Skipagötu og göngugötu í hluta Hafnarstætis, hafði miðbæjarskipulagið frá 1983 litla uppbyggingu í för með sér. Ástæða þess er líklega sú að ósamræmið milli þess sem fyrir var og þess sem stefnt var að var of mikið. Átti það þó ekki við um Drottningarbrautarreitinn þar sem gert var ráð fyrir stofnunum og skrifstofubyggingum á nýrri landfyllingu innan Drottningarbrautar. Lítil ásókn var hins vegar í uppbyggingu miðbæjarstarfsemi á svæðinu og var einungis ein bygging reist þar á seinni hluta 20. aldar (Kaupvangsstræti 1). Undanfarna áratugi hefur miðbær Akureyrar þróast til norðurs enda er landrými þar meira og breiðara bakland byggðar en sunnar. Verslun og þjónusta hefur átt í vök að verjast syðst í miðbænum og hefur skrifstofu- og verslunarrýmum á jarðhæðum víða verið breytt til annarra nota á síðustu árum.

Árið 2004 var enn haldin samkeppni um miðbæ Akureyrar. Að þessu sinni alþjóðleg og komu vel á annað hundrað tillögur. Margar þeirra voru sama marki brenndar og tillögurnar frá 1963 og lítið hirt um það sem fyrir var og eru vandaðar og ítarlegar tillögur teknar sem dæmi þar um á myndum 2.12 og 2.13. Verðlaunatillagan[6] átti ekki við skipulag Drottningarbrautarreits en tillögur sem hlutu 2. og 3. verðlaun (myndir 2.14 og 2.15) skyldu teknar til hliðsjónar við

[6] Tillaga nr. 020568 (99): Graeme Massie - Scotland, UK


skipulag reitsins. Á þeim grunni voru reitnum settir skipulagsrammar í endurskoðuðu aðalskipulagi Akureyrar 2005 (ASAK05). Þær skipulagshugmyndir, sem uppi hafa verið á síðustu árum, bæði skipulagsrammar aðalskipulagsins og tillögur um deiliskipulag miðhluta miðbæjarins og Drottningarbrautarreitar eiga að mörgu leyti meira sameiginlegt með bæjarmynd þeirra Guðjóns Samúelssonar og Guðmundar Hannessonar en nútímaborgarskipulagi, sem tröllriðið hefur skipulagi þéttbýlis á Íslandi undanfarin 50 ár.



Mynd 2.12 Akureyri í öndvegi, tillaga nr. 771116 (102): David Choi, Kimberly Kramer, Xin Tian, Xu Wang - USA



Mynd 2.13 Akureyri í öndvegi, tillaga nr. 110363 (138): Mark D.DiLoreto - USA



Mynd 2.14 Samkeppnin Akureyri í öndvegi 2004, 2. verðlaun – tillaga nr. 197589 (51), 2. verðlaun. Höf: Juliusz Dudniczek, Magdalena Kalinowska, Karolina Skalska, Ewa Wielinska Poznan, Póllandi.



Mynd 2.15 Samkeppnin Akureyri í öndvegi 2004, skipt 3. verðlaun – viðmiðun á Drottningarbrautarreit. Tillaga nr. 290581 (30). Höf.: Rose Bonner, Paul Fox, David Jameson – Írlandi.

2.3. Byggingarsaga

Byggingarsögu svæðisins má skipta í þrjú tímabil í grófum dráttum.

2.3.1. Tímabil timburhúsanna.

Fyrst er það tími timburhúsanna, verslunarhúsa, sem byggðust austan Hafnarstrætis. Elst þeirra er hús Pöntunarfélags Eyjafjarðar (Hafnarstræti 90), sem í upphafi var lítið hús með lágu risþaki en var fljótlega bæði breikkað og hækkað. Öll hin húsin eru byggð undir verslun og þjónustu (miðbæjarstarfsemi) með íbúðum á efri hæðum og eru vönduð, frekar stór og reisuleg timburhús. Þau eru hluti timburhúsamiðbæjarins sem óx upp á Torfunefi um og upp úr aldamótunum 1900 og mynda enn samfellda húsaröð frá Hafnarstræti 86a til Hafnarstrætis 98.

Öll hafa timburhúsin viss einkenni timburhúsastíls, sem kallaður er sveiser (stafsetning Harðar Ágústssonar), mismikil þó og er gerð nánari grein fyrir því í húsaskrá. Sveiserstíllinn er timburhúsastíll, sem barst hingað frá Noregi. Ræturnar eru í klassískri byggingarhefð en hann dregur dám af svip suðurþýskra og svissneskra bóndabæja og var nefndur Schweizer á meginlandinu. Stíllinn þróaðist í Noregi í kjölfar mikilla efnahagslegra framfara og vélvæðingar í trésmíðaiðnaði auk þess sem heilbrigðisstéttir settu fram kröfur um rúmbetri og bjartari híbýli. Fjölmörg hús með þessu byggingarlagi voru flutt hingað tilsniðin frá Noregi og höfðu þau mótandi áhrif á húsagerð hér. Íslensku sveiserhúsin héldu megineinkennum þeirra norsku, háum sökkli, portbyggðu bröttu risi, útstæðum þakbrúnum til varnar veggjum og íburðarmiklu snikkaraverki umhverfis dyr, glugga og þakbrúnir. Á Íslandi var stíllinn þróaður með tilliti til veðurfars og húsin gjarnan klædd með bárujárni (bárujárnssveiser) sem varð sérkenni íslensku húsanna og gerir þau á margan hátt einstök. Bárujárnið hafði hér ótvíræða kosti, gerði húsin vatnsþétt og minnkaði eldhættu auk þess sem það var mun ódýrara en timbrið. Minni þörf var fyrir bárujárnið norðanlands en á Suður- og Vesturlandi og var það síður notað á Akureyri en þar.[7]

2.3.2. Steinsteypuklassík.

Eftir alvarlega húsbruna bæði á Akureyri og Reykjavík á fyrstu áratugum 20. aldar voru verulegar skorður settar við byggingu timburhúsa í þéttbýli. Nýtt byggingarefni, steinsteypan, hafði einnig komið til sögunnar og bætti ágætlega upp skort á nothæfum innlendum byggingarefnum. Fyrstu steinsteyptu húsin tóku mið af þeirri byggingarlist sem fyrir var í landinu og voru í öllum meginatriðum eins og eldri hús að ytri og innri gerð, burtséð frá byggingarefninu. Eftir ákveðið tilraunaskeið steinsteyptra húsa, sem Hörður Ágústsson telur ná allt fram til 1915, tekur við stefna sem hann nefnir steinsteypuklassík þar sem öll megineinkenni eru sótt til hefðbundinnar byggingarlistar með rætur aftur í menningu Rómverja og Grikkja.[8] Vissulega gætir ýmissa stílbrigða á þessum tíma og byggingar gjarnan með ólíku yfirbragði en hin hefðbundnu, samhverfu meginform eru ófrávíkjanleg regla. Þetta tímabil nær fram á fjórða áratug aldarinnar þegar fúnksjónalisminn verður allsráðandi.

Það sem markar sérkenni íslenskar byggingarlistar á þessum tíma var að steinsteypan var nýtt í alla húsagerð, bæði opinberar stofnanir, atvinnuhúsnæði og íbúðarhús. Annars staðar þar sem tilhöggvinn hleðslusteinn og múrsteinn voru hefðbundin byggingarefni voru íbúðarhús byggð með þeim hætti en steinsteypa helst notuð í verksmiðjur og sérhæfðar byggingar þar sem hin hefðbundnu byggingarefni mættu síður nýjum kröfum um burðarvirki og stærðir.

Notkun steinsteypu til húsbygginga á Akureyri hófst 1907 þegar hús Tóvinnufélagsins var reist á Glerár-eyrum (rifið nýlega vegna stækkunar verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs) og sláturhús í Grófargili (nú veitingastaðir) sama ár. Eitt af elstu steyptu íbúðarhúsunum í bænum er Strandgata 45 á Oddeyri, reist 1914, ágætt dæmi um klassískt útlit nýju steinhúsanna. Húsaröðin Strandgata 41-5 sýnir vel hve nýtt byggingarefni breytti litlu í stíl og gerð húsanna fyrst í stað.

Hafnarstræti 82 (Bögglageymslan, Umferðarmiðstöðin) og byggingarnar vestan Hafnarstætis (nr. 67-79) byggðust upp á þessu tímabili. Húsin eru nokkuð ólík en hafa það sammerkt að lúta hefðbundnum lögmálum og viðteknum venjum um form og útlit. Þau eru nær öll samhverf (symmetrísk) um miðjuás og á það bæði við um framhliðar og gafla þótt minni háttar frávik séu á stöku stað í gluggasetningu (frávik í nr. 77).

Tvö þessara húsa voru reist í upphafi sem samkomuhús, eitt sem vöruskemma en önnur sem íbúðarhús með miðbæjarstarfsemi eða vinnustofum á jarðhæð.

[7] Byggt á: Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleifð I. Húsafriðunarnefnd ríkisins 1998.
[8] Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleifð I. Húsafriðunarnefnd ríkisins 1998.



Mynd 2.16 Grunnkort Jóns Víðis, líklega 1924. Fráveitulagnir hafa verið dregnar með rauðum línum á uppdráttinn.

2.3.3. Nútímabyggingar.

Á þriðja áratug 20. aldar urðu sviptingar í umhverfis- og byggingarmálum með tilkomu nýtistefnunnar, fúnksjónalismans, þar sem tilgangur og hlutverk átti að ráða útfærslum, formi og útliti en ekki viðteknar venjur, hefðir og stílkreddur. Bylting var gerð í byggingarmálum og tilgerð, skrauti og klassískum háþróuðum byggingarstílum fyrri alda hent fyrir róða. Steinsteypan féll vel að formhugsun fúnksjónalismans og þar sem notkun hennar var orðin almenn í byggingariðnaði hér lá beint við að horngluggar og flöt þök héldu innreið sína í íslenska byggingarhætti.

Akureyrskir byggingarmeistarar fóru á byggingarsýningar úti í Evrópu og tileinkuðu sér ný sjónarmið. Frumkvöðlar hinna nýju tíma á Akureyri voru m.a. Sveinbjörn Jónsson byggingarmeistari, Halldór Halldórsson arkitekt og Þórir Baldvinsson arkitekt, sem m.a. teiknaði fúnkishúsin syðst í Helgamagrastræti og Mjólkursamlagið í Gilinu, sem nú er Listasafn Akureyrar. Fúnksjónalisminn varð ráðandi húsagerð í byggingum atvinnulífsins, hins opinbera (að frátöldum flestum byggingum Guðjóns Samúelssonar húsameistara ríkisins) og hjá allri alþýðu manna.

Um og upp úr miðri 20. öldinni voru byggðar stórar byggingar vestan Hafnarstrætis í anda aðalskipulagsins frá 1927, þ.e. nær samfelld randbyggð fjögurra hæða bygginga með inndreginni efstu hæð. Hafnarstræti 81 og hótel KEA eru trú tíðarandanum með fúnkisívafi en Hafnarstræti 83-5 er með klassísku yfirbragði, reglulegri gluggasetningu og veggsúlum milli glugga.

Nýjasta húsið, Kaupvangsstræti 1, ber allt annað svipmót og verður ekki flokkað með öðrum húsum á reitnum (sjá kafla 3.3.1).

2.3.4. Samantekt


Á myndum 2.19 – 2.21 er gerð grein fyrir aldri bygginga á athugunarsvæðinu, byggingarefni og gerð eða byggingarstíl.



Mynd 2.17 Akureyri um 1960.
Ljósm: Gunnlaugur P. Kristinsson, Minjasafnið á Akureyri.




Mynd 2.18 Akureyri í september 2007. Ljósm: ÁÓ.



Mynd 2.19. Aldur húsa.



Mynd 2.20. Byggingarefni.



Mynd 2.21. Gerð - byggingarstíll.


3. Bæjarumhverfi

3.1. Bæjarmynstur

Byggðin á athugunarsvæðinu mótaðist af þröngum aðstæðum þar sem gerðar voru lóðir á mjórri landræmu, fyllingu, undir brattri brekku, sem gekk í sjó fram. Byggðin er nær eingöngu (fyrir utan Kaupvangsstræti 1) í tveim húsaröðum meðfram Hafnarstræti. Að þessu leyti er bæjarmynstrið svipað og í Fjörunni og Innbænun, mjó byggðaræma meðfram gamla fjöruborðinu. Yfirbragð byggðarinnar er hins vegar öðru vísi en þar, húsin nýrri og flest byggð sem stór og vönduð verslunar- og íbúðarhús.



Mynd 3.1 Bæjarmynstur miðbæjar og norðurbrekku. Miðbærinn einkennist af stórum byggingum og ákveðnum göturýmum, sem ganga sem geislar út frá Ráðhústorgi. Byggðamynstur á athugunarsvæðinu er grófara en almennt gerist í bænum, sem skýrist m.a. af því að um er að ræða eina húsaröð á mjórri strandlengju í upphafi. Einnig hefur gamla húsaröðin gisnað vegna húsa, sem hafa verið fjarlægð.



Mynd 3.2. Ásýn frá Höepfnersbryggju. Ljósm: ÁÓ 2012.

Stóru byggingarnar frá miðri 20. öld, hótelin, setja einnig sterkan svip á svæðið. Þau eru byggð inn í brekkuna og mynda eins konar stoðmúr gagnvart henni. Hæð brekkunnar dregur úr stærðaráhrifum þeirra. Landslagið, brekkan, hefur þannig haft afgerandi áhrif á bæjarmyndina og er ráðandi þáttur í umhverfinu.

3.2. Göturými

Bæjarmynd athugunarsvæðisins, Drottningarbrautarreits, er tvenns konar. Annars vegar er falleg götumynd Hafnarstrætis þar sem gömlu timburhúsin setja svip sinn á umhverfið og stór hús marka rýmið. Gatan er sveigð, sem gerir umhverfið áhugavert og þægilegt og brött brekkan vestan húsanna styrkir rýmismyndina. Hins vegar er óbyggða svæðið meðfram Drottningarbraut með stórum bílastæðum og gróðurbelti á jaðrinum. Bílastæðin eru snyrtilega frágengin með gönguleið og lýsingu í miðju. Á jaðri svæðisins er gróðurbelti, sem skýlir svæðinu fyrir innsýn af Drottningarbraut. Þarna voru áður bakhús, stór og smá (sjá kafla 5.19 Horfin hús) og ófrágengin landfyllingin nýtt til ýmissa hluta. Þetta svæði er ekki ákveðið rými í bæjarmyndinni, það afmakast vissulega af gömlu byggðinni og brekkunni en er annars opið til allra átta.

Sú mynd sem flestir vegfarendur fá af bæjarhlutanum er ásýndin frá Drottningarbraut, sjónarhorn sem er nýtt í sögulegu tilliti. Eftir því sem húsin hafa verið lagfærð og betur verið gengið frá umhverfinu á landfyllingunni hefur þetta sjónarhorn batnað og er nú með allt öðrum brag en fyrir um einum eða tveim áratugum þegar bakhús og óhrjálegar bakhliðar gömlu húsanna voru ráðandi í bæjarmyndinni. Verðmætust er hins vegar sú bæjarmynd sem felst í götumynd Hafnarstrætis, þ.e. framhliðum húsanna og rýminu, sem þau marka svo og því samhengi og heildarmynd sem þau mynda sín í milli.

Bæjarmynd Hafnarstrætis er ákveðin og sterk, mörkuð reisulegum húsum sem flest eru í góðu ástandi. Samspil timburhúsanna og steyptu klassísku húsanna sunnar myndar samfellu í bæjarmyndinni. Sunnan athugunarsvæðisins verður húsaröðin gisnari en þar mynda Sjónarhæð, Samkomuhúsið og gamli barnaskólinn eins konar brú yfir í byggðina í Fjörunni og Innbænum.



Mynd 3.3 Horft til norðurs. Ljósm: ÁÓ 2012.



Mynd 3.4 Horft til suðurs á móts við Hafnarstræti 88. Ljósm: ÁÓ 2001.



Mynd 3.5 Umferðarmiðstöðin og aðstaða rútubíla syðst á athugunarsvæðinu. Mynd: ÁÓ 2001.



Mynd 3.6 Bílastæði marka austurjaðar athugunarsvæðisns. Mynd: ÁÓ 2001.




Mynd 3.7 Rýmismyndun byggðar og brekku.

3.3. Staðhættir á athugunarsvæðinu

3.3.1. Heildir

Skipulagssvæðinu má skipta í fimm svæði eða heildir eftir starfsemi og yfirbragði.

1 Á norðvesturhluta reitsins eru stór steinsteypt, fjögurra til fimm hæða sambyggð hús - Hafnarstræti 81-89. Þar ber hæst Hótel KEA sem stendur á horni Kaupvangsstrætis. Í syðsta húsinu voru áður stofnanir og skrifstofur en því hefur verið breytt í smáíbúðir. Engin verslunarstarfsemi er lengur á jarðhæð Hafnarstrætis 83-85.



Mynd 3.8 Heildir og helstu kennileiti.

2 Húsaröð austan Hafnarstrætis (H 82-92) er heilleg samstæða húsa frá fyrstu tveim áratugum 20. aldar. Þau eru öll timburhús nema syðsta húsið, Hafnarstræti 82, sem er steinsteypt, nokkuð stærra en hin en í svipuðum stíl og fellur vel að götumyndinni. Atvinnustarfsemi er á jarðhæð nyrstu húsanna þriggja og þess

syðsta. Að öðru leyti eru þar íbúðir. Húsin austan Hafnarstrætis stóðu áður í fjörunni og sneru bakhlið að sjónum. Í dag eru þessar bakhliðar andlit miðbæjarins á þessu svæði. Gildi húsanna fyrir umhverfismótun og bæjarmynd felst hins vegar fyrst og fremst í samstæðri og fallegri götumynd Hafnarstrætis.

3 Húsin vestan Hafnarstrætis (H 67-79) eru í klassískum byggingarstíl, úr steinsteypu, byggð á þriðja áratug síðustu aldar. Syðst er hótel, norðan þess er óbyggt svæði, þá Hafnarstræti 73 sem er samkomuhús. Norðan þess er geymslubygging, sem væntanlega mun víkja fyrir varanlegri byggingu. Miðbæjarstarfsemi er í hluta jarðhæða annarra bygginga. Sigurhæðir, hús skáldsins Matthíasar Jockumssonar, standa hátt uppi í brekkunni og taka ekki þátt í götumyndinni á sama hátt og önnur hús.

4 Óbyggt svæði meðfram Drottningarbraut er nýtt sem bílastæði. Gengið hefur verið frá svæðinu með malbikuðum bílastæðum, gönguleiðum og lýsingu. Gróðurbelti er á jaðri þess að Drottningarbraut.

5 Nýlegt hús, Kaupvangsstræti 1, stendur á horni Kaupvangsstrætis og Drottningarbrautar. Húsið er grófgert í formi og útfærslu og þak og veggir í sama lit. Húsið fellur illa að byggðinni sem fyrir er og varla litið á það sem hluta húsaþyrpingarinnar af þeim sökum. Lóð hússins er nýtt undir bílastæði. Í húsinu er veitingahús, skrifstofur og íbúð.

3.3.2. Kennileiti



Mynd 3.9 Drottningarbrautarreitur í september 2007. Mynd: ÁÓ.

Helsta kennileitið í bæjarmynd Akureyrar er Akureyrarkirkja, sem trónir yfir miðbænum og ber við himin víða að. Annað einkennistákn miðbæjarins eru hornturnar, sem bæði eru á gömlum húsum og nýjum (sjá mynd 3.8).

Innan skipulagssvæðisins eru nokkrar byggingar, sem eru áberandi í bæjarmyndinni. Frá suðri má telja Skjaldborg (H67) og umferðarmiðstöðina (H82), sem eru reisuleg hús í fallegum hlutföllum og góðri umhirðu. Inni í göturými Hafnarstrætis má síðan finna sérkennilegt hús með tveim hornturnum að Hafnarstræti 77 og einstaklega skrautlegar og fallegar svalir og glerskála á Hafnarstræti 86. Nyrst á svæðinu er Hótel KEA, áberandi bygging með hornturni en nokkuð óljósri formhugsun og handan götunnar inngangsturn Bautans (H92), sem er áberandi tákn í miðbænum, þótt ekki sé um stórbyggingu að ræða. Hvað sem um Kaupvangsstræti 1 má segja og hlutdeild hússins í bæjarmyndinni verður ekki hjá því litið að grófgerður hornturn hússins rímar á vissan hátt við Bautann ofar í götunni.

4. Mat á varðveislugildi

4.1. Fyrri húsakannanir

Árið 1971 var gerð könnun á gömlum húsum, húsasamstæðum og götumyndum á Akureyri og varðveislugildi þeirra metið með tilliti til listræns og menningarsögulegs gildis. Könnunin var unnin af Þorsteini Gunnarssyni arkitekt. Tilefnið var gerð nýs aðalskipulags bæjarins 1972-1993. Könnunin náði til bygginga sem reistar voru fyrir samþykkt fyrsta aðalskipulags Akureyrar 1927 sem á þeim tíma voru 282. Af þeim voru 231 hús skoðað á vettvangi en 60 hús skoðuð nánar þar sem þau þóttu vænlegust til varðveislu.

Niðurstöður könnunarinnar voru þær að fimm hús töldust hafa mikið menningarsögulegt gildi, þar á meðal Sigurhæðir (Eyrarlandsvegur 3), sem er innan athugunarsvæðis þessarar könnunar. Sex hús voru talin hafa mikið gildi sem byggingarlist, þar á meðal Hafnarstræti 86. Að auki voru 48 hús talin hafa mikið gildi fyrir umhverfið, þar af þrjú á athugunarsvæðinu, og 19 hús nokkurt gildi fyrir umhverfið, þar af einnig þrjú innan athugunarsvæðisins.

Í greinargerð Þorsteins Gunnarssonar segir um 3. svæðið, Hafnarstræti við Torfunef:

„Á þessum stað hefur myndast fallegt göturými sem lokast til norðurs næst miðbænum. Sérstaka athygli vekja húsin austan götunnar og þá einkum suðurhlið hússins nr. 86B [nú 86] sem er gott dæmi um sérkenni í húsagerðarlist Akureyringa frá síðustu aldamótum. Hér skarast gömul byggð og miðbæjarstarfsemi og eðlilegt að húsin verði í framtíðinni notuð fyrir skrifstofur eða skylda starfsemi.

Timburhúsin stóru sóma sér prýðilega í nálægð miðbæjarins. Æskilegt er að hvert hús komist í eigu eins og sama aðila, en jafnframt þarf að gæta þess að reksturinn krefjist ekki of mikillar rýmisaukningar í framtíðinni. Í því sambandi er steinbyggingin nr. 86 víti til varnaðar. Samkoma gamals og nýs mun einkenna þetta svæði í framtíðinni. Þess vegna er áríðandi að nýbyggingar og annað sem snertir varðveislu á staðnum sé í fyllsta samræmi við þau hús sem lagt er til að verði varðveitt.“[9]

1979 óskaði skipulagsnefnd Akureyrarbæjar eftir því að gerð yrði húsakönnun fyrir miðbæinn í tengslum við gerð nýs deiliskipulags miðbæjarins og var Þorsteinn Gunnarsson ráðinn til verksins. Varðveislugildi húsaraðarinnar á þriðja varðveislusvæði, Hafnarstræti við Torfunef, var endurskoðað. Mat á Hafnarstræti 84 var lækkað úr því að húsið teldist hafa nokkuð gildi fyrir umhverfið í ekkert en að öðru leyti var niðurstaðan sú sama og 1971.


Ekkert gerðist í húsverndarmálum í miðbænum næstu árin. Það var ekki fyrr en við endurskoðun aðalskipulags Akureyrar 2005 að sett voru ákvæði um hverfisvernd húsaraðarinnar við Hafnarstræti 86-96 auk húsaraðar við Strandgötu á grundvelli þessara húsakannana. Þar af eru fjögur hús innan athugunarsvæðisins. Hverfisverndin felst í því að almennt verði „ekki gerðar breytingar á ytra byrði húsanna og umgjörð lóða nema í því skyni að færa þau í átt að upprunalegri mynd. Allar breytingar á húsunum og lóðum virði byggingarstíl og hlutföll húsanna og götumyndar og séu unnar í samráði við húsafriðunarnefnd ríkisins.“[10]

Í deiliskipulagi miðbæjarins frá 1981 voru sýndir samfelldir byggingarreitir utan um gömlu húsin. Þó voru ákvæði um að þar skyldu vera stakstæð hús, að hámarki 25 m löng meðfram götu. Þar var ekki tekið á húsavernd sérstaklega að öðru leyti.

Í tillögu að deiliskipulagi Drottningarbrautarreits sem auglýst var í desember 2011 var gert ráð fyrir varðveislu gömlu húsanna við Hafnarstræti og að götumyndin yrði styrkt með þrem nýbyggingum í skörð í húsaröðunum. Þar var þó ekki gerð tillaga um frekari hverfisvernd en ákveðin var í ASAK05.

Athyglisvert er að húsakannanirnar 1971 og 1979 taka ekki nema að örlitlu leyti til fyrstu gerðar steinsteyptra húsa þótt íslensk steinsteypuklassík kunni að hafa afgerandi sérstöðu í byggingarsögunni, jafnvel á heimsvísu. Hafnarstræti 86 (talið 86B í eldri gögnum) hefur alla tíð fengið mikla athygli vegna veggsvala og glerskála á suðurgafli sem skreyta húsið listilega. Hins vegar er húsið nr. 88 jafnvel enn glæsilegri bygging með látlausri skreytilist sem prýðir húsið og nokkuð sérstakt að það skuli ekki hafa fengið sömu einkunn í fyrra mati. Tildur og skraut vilja draga athyglina frá því hógværa og látlausa.

[9] Hörður Ágústsson. Íslensk byggingararfleifð II. Bls. 270.
[10] Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018. Kafli 3.3.




Mynd 4.1 Varðveislumat Þorsteins Gunnarssonar 1971. Við endurmat 1979 var Hafnarstræti 84 gengisfellt og tekið út sem hús með nokkuð gildi fyrir umhverfið. Unnið upp úr húsakönnunarkorti ÞG 1971.



Mynd 4.2 Hús sem njóta hverfisverndar samkvæmt ákvæðum aðalskipulags Akureyrar 2005-2018.

4.2. Varðveisluverð hús

Niðurstaða mats á varðveislugildi húsa á Drottningarbrautarreit er sett fram samkvæmt leiðbeiningum húsafriðunarnefndar um byggða- og húsakannanir (2009) og er fylgt fyrirskrifaðri litanotkun á uppdráttum. Hér er samantekin niðurstaða úr húsaskrá í 5. kafla.



Mynd 4.3 Mat á varðveislugildi húsa á Drottningarbrautarreit 2012.

Í reynd verður það heildarmynd þessa hluta Hafnarstrætis sem er meginviðfang verndunar bygginga og bæjarmyndar. Varðveisluverð hús hljóta ákveðinn forgang en byggingar í flokknum varðveisluverðar samstæður og heildir skipta fyrst og fremst máli sem hluti heildar. Húsin eru vissulega ólík og hús í sama flokki geta fengið misháar einkunnir.

Göturýmið er viðfang varðveislunnar og gætu nýbyggingar í skörð í húsaröðunum því gegnt ákveðnu og jákvæðu hlutverki og styrkt þann þátt sem vernda á.

5. Húsaskrá

Grunnskráning bygginga á athugunarsvæðinu hefur verið færð í gagnagrunn Húsafriðunarnefndar sem nefndin mun fella inn í gagnasafn sitt. Þar eru færðar inn fyrirliggjandi upplýsingar um upphaflega gerð húsa, vettvangskönnun, þ.e. byggingarlýsing ytra borðs og meginhúss, umhverfi og mat á varðveislugildi. Hluti þessara gagna er birtur hér en að öðru leyti vísast til grunnskráningar.

Í mati á varðveislugildi eru notuð einföld tákn til glöggvunar með útskýringum þar sem það á við. Táknin hafa eftirfarandi merkingu:

+ Mikilvægt, gott, áhugavert, jákvætt.

0 Óvisst, þokkalegt, miðlungs, á ekki við.


- Slakt, slæmt, neikvætt

5.1. Eyrarlandsvegur 3, Sigurhæðir

Þjóðskáldið Matthías Jochumsson byggði Sigurhæðir árið 1903 og bjó þar til dánardags. Þar er nú safn um Matthías. Húsið er friðað í B-flokki af bæjarstjórn 4. október 1977 samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 27. gr. þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Hvorki er gerð úttekt á húsinu né staða þess metin í húsakönnun þessari þar sem vernd þess er þegar ákveðin með formlegri friðun.

Neðan hússins er frágengið svæði með timburstöllum og fjölbreyttum trjá- og runnagróðri. Upp stallana eru tröppur frá Hafnarstræti að Sigurhæðum. Yfirbragð svæðisins er tilgerðarlegt en snyrtilegt og er það ákveðinn áfangi á gönguleiðinni um götuna.



Mynd 5.1.1 Sigurhæðir nýbyggðar ber við himin. Mynd: Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.1.2 Sigurhæðir á miðri mynd. Mynd tekin eftir 1925: Jón og Vigfús. Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.1.3 Sigurhæðir 2002. Mynd: ÁÓ.




Mynd 5.1.4 Sigurhæðir 2012. Mynd ÁÓ.

5.2. Hafnarstræti 67, Skjaldborg



Mynd 5.2.1 Mynd: Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.2.2 Horft frá Sjónarhæð yfir mótorhús Gooks. Mynd: Dagur, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.2.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.2.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1925	**Byggingarefni**	Steypa
Byggingarstíll	Steinsteypuklassík	**Upphafleg notkun**	Samkomuhús
Smiður	Einar Jóhannsson byggingaeistari		
Hönnuður	Sveinbjörn Jónsson byggingameistari		
Fyrsti eigandi	IOGT og UMFA (Ungmennafélag Akureyrar)		

SÖGUÁGRIP

Skjaldborg var reist sem samkomuhús góðtemplara og Ungmennafélags Akureyrar. Hlutafélagið Nýja bíó hóf sýningar í húsinu 1926. Á efstu hæð var samkomusalur skreyttur veggmyndum eftir Freymóð Jóhannsson listmálara. Á miðhæð var veitingastofa. Prentsmiðja Björns Jónssonar keypti húsið seinna og Bókaútgáfan Skjaldborg hóf þar starfsemi sína.

Húsið var endurbyggt á árunum 1987-90 undir stjórn nýs eiganda, Aðalgeirs T. Stefánssonar, þak hækkað, settir á það kvistir og húsinu breytt í hótel.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er reisulegt og sómir sér vel sem upphaf samstæðrar götumyndar og bæjarumhverfis norður að Kaupvangsstræti og áfram út Hafnarstrætið. Hlutföll eru góð, viðhald og útlit til sóma.

UMHVERFI

Auð lóð er norðan hússins. Sunnan hússins er Sjónarhæð, sem stendur nokkuð ofar í brekkunni en ekki við götuna. Þess vegna er húsið endapunktur ákveðinnar húsaheildar og götumyndar Hafnarstrætis norður að Kaupvangsstræti. Lóð er fullfrágengin, m.a. með tröppum og stoðveggjum.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Gott
Menningarsaga	+	Félagsstarfsemi
Umhverfi	+	Gott
Upprunaleiki	0	Breytt
Ástand	+	Gott
Varðveislugildi	+	Sem hluti af heild

5.3. Hafnarstræti 71



Mynd 5.3.1 Mynd (hluti): Vigfús Sigurgeirsson 1931.



Mynd 5.3.2 Mynd: ÁÓ 2004.



Mynd 5.3.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.3.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1922	**Byggingarefni**	Steinsteypt
Byggingarstíll	Einföld steinsteypuklassík	**Upphafleg notkun**	Íbúðarhús og verslun
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Tómas Björnsson og Jónas Gunnarsson		

SÖGUÁGRIP

-

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er einfalt og fábrotið í hefðbundnum klassíksum stíl. Hlutföll eru þokkaleg en þak útbyggingar á bakhlið er hærra en meginþakið og brenglar form þess. Forstofur eru á báðum göflum hússins, sú nyrðri síðari tíma viðbygging í öðrum stíl en húsið að öðru leyti. Ekki er samræmi í útliti og frágangi útitrappa og handriða við gafla hússins. Verönd úr timbri er ofan hússins og tengist brekkunni frá 2. hæð.

Gluggar eru hefðbundnir krossgluggar en án annarra ramma/faga en þeirra opnanlegu. Í húsinu eru tvær búðir auk herbergja í kjallara (jarðhæð) og herbergis og geymslulofts í risi. Húsið er í nokkurri niðurníðslu en framhlið þó í þokkalegu standi.

Húsið er mikilvægur hluti götumyndar Hafnarstrætis og gæti fengið aukið gildi með endurbótum á útliti, útbyggingum og gluggum.

UMHVERFI

Húsið er hluti samfelldrar götumyndar Hafnarstrætis. Umhverfi þess og lóð er í niðurníðslu.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	Hluti götumyndar.
Upprunaleiki	0	
Ástand	-	Þarfnast viðhalds að utan.
Varðveislugildi	0	Nýtt hús gæti leyst húsið af hólmi.

5.4. Hafnarstræti 73, Lón, Dynheimar



Mynd 5.4.1 Mynd: Gunnlaugur P. Kristinsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.4.2 Mynd: ÁÓ 2004.



Mynd 5.4. 3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.4.4 Neyðarstigi á bakhlið. Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1923	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Steinsteypuklassík	**Upphafleg notkun**	Samkomuhús, verksmiðja
Smiður			
Hönnuður	G. Guðlaugsson		
Fyrsti eigandi	Hallgrímur Krisjánsson		

SÖGUÁGRIP

Húsið var reist undir starfsemi Akureyrarbíós af Hallgrími Kristjánssyni og Ragnari Ólafssyni. Smjörlíkisverksmiðjan Akra var á jarðhæð.

Húsið var um tíma samkomuhús frímúrara og síðar í eigu Karlakórs Akureyrar Geysis, sem nefndi það Lón. Tónlistarskóli Akureyrar var stofnaður í húsinu 1946 og starfaði í húsinu til 1972. Síðan var húsið nýtt sem félagsmiðstöð undir ýmsum nöfnum, lengst af sem Dynheimar. Leikfélag Akureyrar hefur nýtt húsið undir leiksýningar frá 2006 undir nafninu Rýmið.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið hefur sérstakt svipmót og ber að vissu marki með sér hlutverk sitt sem samkomuhús. Húsið er einfalt og virðulegt í klassískum stíl. Einkenni þess eru bogadregnar umgjarðir um glugga annarrar hæðar sem ná frá hæðarskilum og vel upp fyrir glugga. Framhlið er samhverf en gluggasetning á suðurgafli ekki.

Gluggaumgjarðir þriggja glugga á miðri langhlið eru hærri en umgjarðir annarra glugga. Hæðarskilalisti er steyptur með kúptu formi eins og gluggaumgjarðir. Neyðarútgangur, opinn stálstigi, er frá 2. hæð mót brekkunni. Þakkantur er steyptur með þrem stöllum. Sá efsti hefur verið klæddur af með timbri.

Húsinu virðist vel við haldið. Umhverfi þess er snyrtilegt. Einnar hæðar geymsluskemma er áföst húsinu norðan þess (H75).

UMHVERFI

Húsið er hluti samfelldrar götumyndar Hafnarstrætis. Form þess er frávik frá meginreglu í götumyndinni en hæfir hlutverki hússins og sérstöðu að því leyti.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	+	
Umhverfi	+	Hluti heildar
Upprunaleiki	+	Lítið breytt að utan. Talsverðar breytingar inni.
Ástand	+	
Varðveislugildi	+	Sem mikilvægur hluti húsaraðar og götumyndar.

5.5. Hafnarstræti 75



Mynd 5.5.1 Mynd: ÁÓ 2007.



Mynd 5.5.2 Mynd: ÁÓ 2012.

Sjá einnig myndir 5.3.1 og 5.4.1.

Byggingarár	1925	**Byggingarefni**	Timbur, bárujárnsklætt
Byggingarstíll	-	**Upphafleg notkun**	Geymsluskemma
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Smjörlíkisgerð Akureyrar hf.		

SÖGUÁGRIP

1925 var Smjörlíkisgerð Akureyrar hf. leyft að girða lóðina og byggja þar geymsluskúra. Húsið er nú í eigu Akureyrarbæjar. Breytingar voru gerðar á þaki 1983.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er með öðru svipmóti en önnur hús við Hafnarstræti, einföld skemmubygging með lágu einhalla þaki með háum bárujánsklæddum þakkanti á götuhlið. Húsið er snyrtilegt og þokkalega viðhaldið að utan.

UMHVERFI

Ofan hússins er gróin brekka. Húsið stendur við gangstéttarbrún. Malarplan er norðan hússins.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	-	
Menningarsaga	-	
Umhverfi	-	
Upprunaleiki	0	
Ástand	+	
Varðveislugildi	-	Án samsvörunar við nærliggjandi hús.

5.6. Hafnarstræti 77



Mynd 5.6.1 Mynd (hluti): Jón og Vigfús, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.6.2 Mynd: ÁÓ 2007.



Mynd 5.6.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.6.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1923	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Steinsteypuklassík, með hornturnum	**Upphafleg notkun**	Íbúðarhús
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Stefán Jónsson		

SÖGUÁGRIP

Stefán Jónsson klæðskeri frá Skjaldarvík byggði húsið. Árið 1928 varð húsið hækkað um eina hæð og settir á það turnar. Atvinnuhúsnæði er á jarðhæð hússins. Þar er nú afgreiðsla rútubíla.

NÚVERANDI STAÐA

Hornturnar setja sérkennilegan svip á húsið. Húsið er í góðu ástandi og virðist vel viðhaldið. Gluggar hafa að hluta verið endurnýjaðir í upphaflegri gerð.

UMHVERFI

Steinhlaðinn stoðveggur er ofan hússins. Umhverfi hússins er í þokkalegu lagi.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	Vegna sérkenna. Hlutföll óhefðbundin.
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	Áberandi vegna turna
Upprunaleiki	+	
Ástand	+	
Varðveislugildi	+	

5.7. Hafnarstræti 79



Mynd 5.7.1 Mynd (hluti): Vigfús Sigurgeirsson 1931.



Mynd 5.7.2 Mynd: ÁÓ 2007.



Mynd 5.7.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.7.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1925	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Steinsteypuklassík	**Upphafleg notkun**	Íbúðarhús, verslun
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Óli P. Kristjánsson, Hjalti Sigurðsson		

SÖGUÁGRIP

-

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er í einföldum klassískum stíl án annars skrauts en lista á hæðarskilum jarðhæðar og einfaldra múraðra gluggafalda. Húsið hefur verði gert upp á snyrtilegan hátt og sómir sér vel í umhverfinu.

UMHVERFI

Lóð er þokkalega frágengin.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	+

5.8. Hafnarstræti 81



Mynd 5.8.1 Hitaveituframkvæmdir um 1980. Hér sést mælikvarði húss og götumyndar áður en 5. hæðin var stækkuð. Mynd: Vatnsveitan, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.8.2 Mynd (hluti): Gunnlaugur P. Kristinsson, Minjasafnið á Akureyri. Um 1971.



Mynd 5.8.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.8.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1947+	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Módernismi	**Upphafleg notkun**	Skrifstofuhús, íbúðarhús
Smiður			
Hönnuður	Guðmundur Gunnarsson		
Fyrsti eigandi			

SÖGUÁGRIP

Húsið byggt í tveim hlutum, a og b, sem íbúðarhús með starfsemi á jarðhæð. Amtsbókasafnið var í húsinu þangað til það var flutt í nýbyggingu við Brekkugötu. Náttúrugripasafnið var í húsinu frá 1955 til 1996.

Tónlistarskóli Akureyrar var í húsinu frá 1972 og öll starfsemi hans þar frá 1980-2003. Byggt var við húsið 2006, það hækkað og breytt í smáíbúðir. Þar eru nú 25 íbúðir.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið markar suðurenda húsaraðar með nær samfelldum stórum steinhúsum vestan Hafnarstrætis. Húsið er snyrtilegt og velfrágengið burtséð frá nýlegri viðbyggingu á 5. hæð, sem er plötuklædd og í ósamræmi við stíl hússins og umhverfi. Hlutföll upphaflegu byggingarinnar eru í jafnvægi. Steyptur hæðarskilalisti er ofan jarðhæðar svo og umgjörð um stigagangsglugga á götuhlið. Útbyggðar svalir á suðausturhorni hússins setja svip á húsið. Ný viðbygging brýtur freklega gegn meginreglu um nútímabyggingar í miðbænum, þ.e. að hús séu að jafnaði fjögurra hæða með fjórðu hæð inndregna á götuhlið. Fimmta hæð hússins var enn meira inndregin og hafði áður engin áhrif á götumynd Hafnarstrætis. Nýjar svalir eru á götuhlið hússins norðan stigahúss.

Mikil bót yrði bæði fyrir húsið og götumynd Hafnarstrætis ef austurhluti viðbyggingar á 5. hæð yrði fjarlægður.

UMHVERFI

Djúpt aðkomuport er vestan hússins með aðkomu um húsasund. Hluti smáíbúða hefur glugga einungis að portinu.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+/-	Upphafleg gerð/viðbyggingar
Menningarsaga	+	
Umhverfi	0	
Upprunaleiki	-	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	

5.9. Hafnarstræti 83-85



Mynd 5.9.1 Mynd: Úr myndasafni Rúnars Vestmann.



Mynd 5.9.2 Mynd: Rúnar Vestmann.



Mynd 5.9.3 Portið að húsabaki. Hótel KEA innst. Mynd: Gunnlaugur P. Kristinsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.9.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1933-1939	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Nútímabygging með klassísku ívafi	**Upphafleg notkun**	Íbúðarhús, trésmiðja
Smiður			
Hönnuður	Halldór Halldórsson arkitekt, Tryggvi Jónatansson múrarameistari		
Fyrsti eigandi	H83 Kristján Halldórsson, H 85 Hjalti Sigurðsson.		

SÖGUÁGRIP

Húsið var byggt í tveim áföngum sem íbúðarhús með húsgagnaverkstæði á jarðhæð. Ýmis starfsemi, verslanir m.m. hafa verið á jarðhæð. Húsinu var breytt í hótel 1989 og er nú hluti Hótels KEA.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er látlaust og snyrtilegt. Einkenni þess eru lóðréttar veggsúlur milli glugga á 2. og 3. hæð. Búið er að breyta verslunargluggum á jarðhæð til samræmis við glugga efri hæða. Nýlega var 4. hæð stækkuð yfir svalir á götuhlið og er hún því ekki lengur inndregin eins og meginregla er á steinhúsum í miðbænum. Þessar útlitsbreytingar hafa rýrt einkenni hússins og gera þátt þess í götumyndinni fátæklegri auk þess sem stækkun 4. hæðar hefur þrengt göturýmið verulega.

UMHVERFI

-

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+/-	Upphafleg gerð / síðari breytingar
Menningarsaga	0	
Umhverfi	0	
Upprunaleiki	0	
Ástand	+	
Varðveislugildi	0	

5.10. Hafnarstræti 87-9, Hótel KEA



Mynd 5.10.1 Karólína rest, íbúðarhús og hesthús, stóðu sunnan Kaupvangssrætis. Leikvöllur er á höfðanum ofan við tilvonandi lóð hótelsins. Mynd: Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.10.2 Fyrsti áfangi hótelsins risinn. Apótek í vesturenda og gaflinn á Karólínu rest t.h. Húsið skreytt í tilefni að afmælisári KEA 1936. Mynd: Vigfús Sigurgeirsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.10.1 Hótel KEA á stríðsárunum. Kirkjan nýbyggð og klukkulaus. Kirkjutröppurnar enda ofan við Karólínu rest. Mynd: Sverrir Pálsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.10.1 Snemma á 8. áratugunum. Kirkjutröppurnar komnar alla leið. Mynd: Gunnlaugur P. Kristinsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.10.3 Mynd: ÁÓ 2007.



Mynd 5.10.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1933 +	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Módernismi	**Upphafleg notkun**	
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Nr. 87: Verkalýðsfélögin á Akureyri, nr. 89: KEA		

SÖGUÁGRIP

Elsti hluti hússins var byggður 1933. Síðan hefur því bæði verið breytt og bætt við það, seinast 1984-6. Í fyrstu voru söluíbúðir og apótek í húsinu auk hótels. Brauðgerð KEA var í suðurhlutanum um árabil.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er reisulegt hornhús og kennileiti í miðbæ Akureyrar. Áhersla er lögð á hornið við Kaupvangsstræti með útbyggðum gluggum á neðri hæðum og eins konar turnformi upp úr þakhæð. Að Hafnarstræti er húsið fjögurra hæða með inndreginni fjórðu hæð. Að Kaupvangsstræti er húsið fjögurra hæða (þar sem fjórða hæðin telst sú fimmta við Hafnarstræti). Form hússins og útlit að Kaupvangsstræti er frekar óreiðukennt þar sem þakviðbygging og útbyggðir gluggar brengla hlutföll hússins.

UMHVERFI

Umhverfi hússins er fullfrágengið og snyrtilegt.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	0
Ástand	+
Varðveislugildi	0

5.11. Hafnarstræti 82, Bögglageymslan, Umferðarmiðstöðin



Mynd 5.11.1 Mynd (hluti): Vigfús Sigurgeirsson 1931.



Mynd 5.11.2 Mynd: Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.11.3 Mynd: Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.11.4 Upp úr 1970. Mynd Erlingur Davíðsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.11.3 Mynd:ÁÓ 2012.



Mynd 5.1.4 Mynd:ÁÓ 2012.

Sjá einnig mynd 5.12.1.

Byggingarár	1919	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Steinsteypuklassík	**Upphafleg notkun**	Vöruskemma
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	KEA		

SÖGUÁGRIP

1919 fékk KEA leyfi til þess að reisa stórt og myndarlegt vörugeymsluhús úr steini nyrst á lóð sinni. Byggingarvörudeild KEA var í húsinu til 1963. Um árabil var afgreiðsla sérleyfisbíla í húsinu og hefur það gengið í seinni tíð undir nafninu Umferðarmiðstöðin.

Á tíunda áratug 20. aldar voru efri hæðir endurbyggðar og þeim breytt í skrifstofuhúsnæði og síðar íbúðir. Svalir hafa verið settar á suðurgafl og austurhlið.

NÚVERANDI STAÐA

Hafnarstræti 82 er reisulegt hús í góðum hlutföllum. Það er tvílyft steinhús, portbyggt með háu risi og kvistum. Húsið setur sterkan svip á götumyndina og fellur vel að öðrum húsum í húsaröðinni þótt það sé bæði stærra og byggt úr steinseypu. Tveir stórir kvistir eru á hvorri langhlið og marka megineinkennni hússins ásamt vörudyrum á efri hæðum, sem nú nýtast sem svalahurðir. Norðurhlið er gluggalaus brunagafl.

Húsið hefur verið endurbyggt á snyrtilegan hátt. Nýjar svalir á suðurgafli og austurhlið falla vel að formi og gerð hússins.

UMHVERFI

Stór bílastæði og athafnasvæði sérleyfisbíla eru austan og sunnan hússins. Umhverfi hússins er fábreytt en sæmilega snyrtilegt.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+
Menningarsaga	+
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	+

5.12. Hafnarstræti 86a (verður 84)



Mynd 5.12.1 Mynd: Erlingur Davíðsson, Minjasafnið á Akureyri. Upp úr 1970.



Mynd 5.12.2 Hafnarstræti 86 a var um árabil með asbestklæðningu. Mynd: ÁÓ 2010.



Mynd 5.12.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.12.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Sjá einnig mynd 5.8.1.

Byggingarár	1920	**Byggingarefni**	Timbur, nú bárujánsklætt
Byggingarstíll	Einfaldur sveiser	**Upphafleg notkun**	
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Jóhann Ragúelsson og Guðrún Davíðsdóttir		

SÖGUÁGRIP

1920 fékk Jóhann Ragúels leyfi til að byggja tvílyft timburhús. Verslun var á jarðhæð og íbúðir á efri hæðum. Húsið var vandað í upphafi með verslunargluggum að götunni.

Við húsakönnun 1979 var það talið í góðu ástandi en skipta þyrfti um útveggjaklæðningu, sem var úr asbesti. Húsið lenti í mikilli niðurníðslu og var óíbúðarhæft síðasta áratug, m.a. vegna vatnsskaða.

Húsið var endurbyggt 2010, stigahús á bakhlið rifið og allar klæðningar endurnýjaðar svo og innréttingar. Í húsinu eru nú þrjár íbúðir.

NÚVERANDI STAÐA

Með endurbyggingu hússins 2010 varð það aftur verðugur þátttakandi í húsaröðinni austan Hafnarstrætis eftir áralangt niðurlægingartímabil. Nokkrar minni háttar breytingar voru gerðar, stígahús á bakhlið fjarlægt og svalir settar á suðurgafl. Húsið var upphaflega byggt sem verslunarhús og íbúð og voru stórir verslunargluggar á vesturhlið auk þess sem húsið var þá timburklætt. Húsið er reisulegt og snyrtilegt og getur talist góður fulltrúi hins einfalda íslenska bárujárnssveiserstíls. Gluggasetning er einungis samhverf á vesturhlið.

Frágangur hússins að utanverðu er vel unninn og sómir húsið sér vel í umhverfinu.

UMHVERFI

Lóð er frágenging, afgirt og gróin.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+
Menningarsaga	0
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	+

5.13. Hafnarstræti 86, Verslunin Eyjafjörður



Mynd 5.13.1 Mynd (hluti): O. Lübeck/Sächsische Landesbibliothek Abr. Deutsche Foteothek. Fyrir 1920.



Mynd 5.13.2 Mynd: Sverrir Pálsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.13.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.13.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1903	**Byggingarefni**	Timbur, stokkverk
Byggingarstíll	Sveiser	**Upphafleg notkun**	
Smiður	Sigtryggur Jóhannesson og Jónas Gunnarsson		
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Ólafur Eyjólfsson		

SÖGUÁGRIP

Hafnarstræti 86 er plankabyggt hús (stokkverk) flutt inn frá Noregi. Það er byggt sem verslun og íbúðarhús. Þar var í fyrstu Grundarverslun en síðan Verslunin Eyjafjörður til langs tíma.

1939 var byggð einnar hæðar bygging við norðurgafl hússins, fyrsti áfangi þriggja hæða stórbyggingar, sem rísa átti á lóðinni, hönnuð af Bárði Ísleifssyni arkitekt. Hún var rifin 1991 (sjá kafla 5.19).

Húsið var komið í talsverða niðurníðslu um tíma en eftir 1990 hefur það verið lagfært og endurbyggt að hluta, aðallega skrautlegar veggsvalir og glerskáli á suðurgafli.

NÚVERANDI STAÐA

Húsið er tvílyft timburhús með háu risi og kvistum. Veggsvalir og glerverönd á suðurgafli setja mikinn svip á húsið og gera það að ákveðnu kennileiti í húsaröðinni.

Húsið mótar ásamt næstu húsum megindrætti og einkenni bæjarmyndarinnar á svæðinu.

Ástand hússins er þokkalegt en líklega er komið að endurnýjun útveggjaklæðningar og glugga. Suðurgaflinn hefur hins vegar verið endurbyggður með súlum, bekkjum, skrauti og útskurði í sinni upprunalegu mynd.

UMHVERFI

Við húsið er garður afgirtur með hárri girðingu að Hafnarstræti. Umhverfið er snyrtilegt og frágengið.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+	
Menningarsaga	0	
Umhverfi	+	
Upprunaleiki	+	
Ástand	+/-	Endurbyggt að hluta. Þarfnast lagfæringa að öðru leyti.
Varðveislugildi	+	

5.14. Hafnarstræti 88, Íslandsbanki



Mynd 5.14.1 Mynd: Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri. Milli 1907 og 1012.



Mynd 5.14.2 Mynd: Jón og Vigfús, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.14.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.14.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1900	**Byggingarefni**	Timbur
Byggingarstíll	Sveiser	**Upphafleg notkun**	Íbúðarhús, verslun
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Bergsteinn Björnsson		

SÖGUÁGRIP

Hafnarstræti 88 er tvílyft timburhús, portbyggt með háu risi og kvistum. Húsið var byggt sem verslunar- og íbúðarhús. Íslandsbanki var þarna til húsa frá 1904 þar til hann var lagður niður árið 1930. Útvegsbankinn var síðan í húsinu til 1939.

Bankinn var á fyrstu hæð en íbúðir á efri hæðum. Í kjallara hafa jafnan verið verslanir og vinnustofur.

Á baklóð hússins var Prentsmiðja Odds Björnssonar, Hafnarstræti 88b, byggð 1945 en rifin árið 2001 (sjá kafla 5.19).

NÚVERANDI STAÐA

Húsið hefur verið endurbyggt af myndarskap. Það fer mjög vel í umhverfinu og setur svip á bæjarmyndina. Hlutföll eru falleg og frágangur allur vandaður.

UMHVERFI

Lóð er ógirt og í órækt.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+
Menningarsaga	+
Umhverfi	+
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	+

5.15. Hafnarstræti 90



Mynd 5.15.1 Upphafleg gerð hússins. Torfunefsbyggja ekki komin (1907). Mynd: Det Kongelige Bilbliotek, Kaupmannahöfn.



Mynd 5.15.2 Viðbygging til austurs (1912), breyttur inngangur og stórir gluggar að götu. Mynd: Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.15.3 Mynd: Rúnar Vestmann.



Mynd 5.15.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Sjá einnig mynd 5.14.1.

Byggingarár	1898	**Byggingarefni**	Timbur
Byggingarstíll	Einf. gerð, nú með sveiserívafi	**Upphafleg notkun**	Verslun
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Pöntunarfélag Eyfirðinga		

SÖGUÁGRIP

Pöntunarfélag Eyfirðinga reisti lítið hús undir starfsemi sína á lóðinni 1898. Upphaflega voru hefðbundnir gluggar á götuhlið hússins sem fljótlega hafa verið stækkaðir auk þess sem inngangshurð á suðurstafni var færð og tveim gluggum bætt við þar. Húsið var síðan stækkað til austurs 1912 og hækkað 1920. Fátt minnir nú á upphaflega gerð, sem telja má dansk- íslenska gerð yngri (H. Ág.). Sölubúð og aðalskrifstofur KEA voru í húsinu þangað til þær fluttu í nýtt stórhýsi 1930. Prentverk Odds Björnssonar var í húsinu um skeið. Ritstjórnarskrifstofur og afgreiðsla Dags voru lengi í húsinu og síðar bækistöðvar Framsóknarflokksins. Um tíma var þar ljósmyndastofa og undanfarin ár hefur þar verið rekin fornmunaverslun.

Vélsmiðja Steindórs, sem stofnuð var 1914 var til húsa á baklóðinni fram til 1929.

NÚVERANDI STAÐA

Hafnarstræti 90 fellur vel inn í húsaröðina þegar horft er úr suðri en síður þegar litið er suður eftir götunni frá Kaupvangsstræti. Húsið er nokkuð sérkennilegt í formi, sem skýrist af byggingarsögu þess enda er það mikið breytt frá upphaflegri gerð. Auk viðbygginga frá 1912 og 1920 hafa fleiri viðbyggingar komið til. Viðbygging á norðurhlið er ekki í samræmi við gerð og stíl hússins. Þakið er brotaþak (mansard) með valma

og gluggalausum skreyttum kvisti á götuhlið. Húsið dregur dám af stíl sveiserhúsanna þrátt fyrir frávik í meginformi.

Vandað var til elsta hluta hússins en síðari tíma viðbætur jafnast ekki á við hann hvað frágang snertir (Þ.G.).

Viðbygging austan hússins hefur verið endurbyggð. Húsið þarfnast viðgerða á útveggjum, gluggum og þaki. Verslunargluggar (póstagluggar) eru á 1. hæð að Hafnarstræti en á efri hæð hefur gluggum verið breytt (láréttur þverpóstur).

Húsið er mikilvægur hlekkur í húsaröðinni austan Hafnarstrætis.

UMHVERFI

Lóð er ófrágengin og nýtt að hluta sem bílastæði.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	+
Umhverfi	+
Upprunaleiki	0
Ástand	-
Varðveislugildi	+

5.16. Hafnarstræti 92, Bautinn



Mynd 5.16.1 Í bakgrunni er unnið að gerð Torfunefsbyggju (1907). Mynd: Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.16.2 Mynd: Hallgrímur Einarsson, Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.16.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.16.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1900	**Byggingarefni**	Timbur
Byggingarstíll	Sveiser	**Upphafleg notkun**	Verslunarhús
Smiður	Sigtryggur Jónsson		
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Eggert Laxdal		

SÖGUÁGRIP

„Eggert Laxdal kaupmaður reisti húsið árið 1900 og verslaði þar nokkur ár. Þá keypti Edinborgarverslun í Reykjavík það og var þar útibú hennar um árabil. Þegar það var lagt niður keypti verslun Gudmanns Efterfölger húsið og flutti þangað eftir brunann 1912. Hún var þar síðan meðan hún starfaði á Akureyri. Þegar Gudmannsverslun eignaðist húsið var reist útbygging með turni á norðverstuhorni þess. Veitingahúsið Bautinn hefur verið rekið í verslunarrýminu síðan 1970."[11]

Ýmis starfsemi hefur verið í bahúsinu (pakkhúsinu) og tengibyggingum s.s. vélsmiðja og ísbúð. Nú er þar rekið veitingahús í tengslum við Bautann.

1992 var gengið varanlega frá glerskála við vesturhlið hússins.

Dráttarbraut var byggð á baklóðinni 1929 og var hún rekin þar til 1948. Hús dráttarbrautarinnar (bráðabirgðaskýli úr bárujárni á trégrind, byggt 1929) var rifið 1993.

[11] Steindór Steindórsson 1993.

NÚVERANDI STAÐA

Hafnarstræti 92 er hornhús á mesta umferðarhorni miðbæjarins. Hornturninn gerir húsið að ákveðnu kennileiti í umhverfinu. Húsið fer vel í bæjarmyndinni og er til prýði. Notkun þess glæðir það lífi allan daginn.

Húsið var vandað í upphafi og hefur verið vel viðhaldið og lagfært af myndarskap á seinni árum. Útlit þess og ástand er gott.

UMHVERFI

Lóð er nýtt að hluta undir veruaðkomu og aðstöðu veitingahúsanna. Snyrtilega er gengið frá lóðinni með skjólveggjum og gróðri.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	+
Menningarsaga	+
Umhverfi	+
Upprunaleiki	0
Ástand	+
Varðveislugildi	+

5.17. Kaupvangsstræti 1



Mynd 5.17.1 Mynd: Gunnlaugur P. Kristinsson, Minjasafnið á Akureyri. Á 7. áratugnum.



Mynd 5.17.2 Mynd: ÁÓ 2007.



Mynd 5.17.3 Mynd: ÁÓ 2012.



Mynd 5.17.4 Mynd: ÁÓ 2012.

Byggingarár	1996	**Byggingarefni**	Steinsteypa
Byggingarstíll	Módernismi	**Upphafleg notkun**	Verslunar- og skrifstofuhús
Smiður			
Hönnuður	Örn Sigurðsson arkitekt		
Fyrsti eigandi	Gísli Gestsson, Ljósmyndavörur hf.		

NÚVERANDI STAÐA

Kaupvangsstræti 1 er nútímaleg verslunar- og skrifstofubygging, vinkillaga með skásettum fjögurra hæða hornturni. Vestur- og suðurálmur eru einnar hæðar með háu risi. Langir þakgluggar eru eftir endilöngum mæni beggja álmanna. Veggir jarðhæðar eru steinsteyptir með stórum verslunargluggum, að hluta útbyggðum. Veggir efri hæða turnsins eru klæddir með sléttri málmklæðningu.

Húsið er grófgert í formi og útfærslu og fellur illa að byggðinni sem fyrir er. Litasetning hússins (einlitt) dregur úr meginformum þess og magnar ósamræmið við nálæga byggð.

Turninn er ákveðið kennileiti í bæjarmyndinni.

Deiliskipulagi hefur verið breytt og þar gert ráð fyrir stækkun hússins til suðurs.

UMHVERFI

Lóð hússins er nýtt undir bílastæði. Hún er fullfrágengin og snyrtileg.

VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	0
Menningarsaga	0
Umhverfi	-
Upprunaleiki	+
Ástand	+
Varðveislugildi	0

5.18. Varðveislumat – einfaldað yfirlit

Mat á varðveislugildi

	Column 1	Column 2	Column 3	Column 4	Column 5	Column 6	Column 7
Matsþáttur > V Hús	**Byggingar-list**	**Menningar-saga**	**Umhverfi**	**Uppruna-leiki**	**Ástand**	**Varðveislu-gildi**	**Niðurstaða**
Eyrarlandsvegur 3	★	★	★	★	★	★ Friðað	Friðað
Hafnarstræti 67	★	★	★	★	★	★	Mikilvægur hluti heildar
Hafnarstræti 71	★	★	★	★	★	★	Hluti af heild
Hafnarstræti 73	★	★	★ Hluti heildar	★	★	★	Mikilvægur hluti heildar
Hafnarstræti 75	★	★	★	★	★	★	Fellur ekki vel að götumynd
Hafnarstræti 77	★ Hornturnar, sérkenni	★	★	★	★	★	Hluti af heild. Sérstakt
Hafnarstræti 79	★	★	★	★	★	★	Mikilvægur hluti heildar
Hafnarstræti 81	★ Upphafleg gerð ★ Viðbyggingar	★	★	★	★	★	
Hafnarstræti 83-85	★ Síðari tíma breytingar ★ Upphafleg gerð	★	★ Hæð	★	★	★	
Hafnarstræti 87-89	★ Stílgrautur	★	★	★	★	★	
Hafnarstræti 82	★ Steinsteypu-klassík Jafnvægi, hlutföll	★ Atvinnu- og verslunarsaga	★	★	★	★	Mikilvægur hluti heildar
Hafnarstræti 86a	★	★	★	★	★	★	Hluti heildar
Hafnarstræti 86	★ Skrautlegur suðurgafl	★	★	★	★ Þarfnast lagf. ★ Suðurgafl	★	Einstakt hús
Hafnarstræti 88	★ Jafnvægi, hlutföll	★ Atvinnusaga	★	★	★	★	Einstakt hús
Hafnarstræti 90	★	★ Saga sammvinnu-félaga o.fl.	★	★	★	★	Hluti heildar
Hafnarstræti 92	★	★ Verslunarsaga	★	★	★	★	Einstakt hús
Kaupvangsstræti 1	★ Módernismi	★	★	★	★	★	

Skýringar[12]



[12] Athugið að vísvitandi er ekki samræmi í litanotkun. Litanotkun í töflu miðast við almennar venjur (t.d. umferðarljós; rautt = neikvætt, grænt = jákvætt) en litanotkun fyrir niðurstöður miðast við forskrift húsafriðunarnefndar.

5.19. Horfin hús

Upp með Kaupvangsstræti sunnanverðu stóð Karólína rest, gististaður og hesthús. Húsin voru utan athugunarsvæðisins en skipta máli í sögu bæjarmyndarinnar. Sjá myndir í kafla 5.10.

Árið 1929 var reist bráðabirgðaskýli úr bárujárni á trégrind fyrir dráttarbraut á baklóð Hafnarstrætis 92 (Bautans). Skýlið var rifið 1993. Sjá myndir 5.19.2 og 5.19.3.

Prentsmiðja Odds Björnssonar flutti 1945 í „glæsilegt hús, sem prenstsmiðjan hefir látið reisa í sumar á lóðinni Hafnarstræti 88B hér í bænum“.[13] Þá hafði landfyllingin verið stækkuð nokkuð suður af Torfunefsbryggju og var hún með því lagi í meginatriðum fram á áttunda áratuginn. Síðar voru skrifstofur Hitaveitunnar í húsinu og viðhaldsverkstæði Akureyrarbæjar á jarðhæð. Húsið var rifið 2001. Eftir stendur norðvesturhornið sem hýsir spennistöð Norðurorku. Sjá mynd 5.19.1.

Moggahöllin var milli Hafnarstrætis 90 (afgreiðsla Dags á þeim tíma) og 92. Þar var afgreiðsla Morgunblaðsins í litlum afgreiðsluskúr, sem væntanlega hefur dregið nafn sitt af samanburði við Morgunblaðshöllina við Aðalstræti í Reykjavík. Moggahöllin var rifin 1992. Síðustu árin var þar rekinn sýningarsalur. Sjá myndir 5.19.5 og 5.19.6.

Verslunin Eyjafjörður, Hafnarstræti 86B, átti að verða steinsteypt stórbygging samkvæmt aðalskipulaginu frá 1927. Aðeins hluti fyrstu hæðar var byggður og fékk gamla timburhúsið að standa um sinn – og stendur enn. Steinhúsið var rifið 1991. Mynd 5.19.4.

Að auki hafa til lengri og skemmri tíma verið ýmsar byggingar, bakhús og geymsluskúrar á svæðinu sem ekki er talin ástæða til að skrá eða lýsa vegna húsakönnunar þessarar. Á grunnkorti frá 1924 (mynd 2.15) sjást m.a bakhús og skúrar á athugunarsvæðinu. Á mynd 5.19.7 er gerð grein fyrir helstu breytingum frá því um 1970.



Mynd 5.19.1 Prentsmiðja Odds Björnssonar og bílastæði á nýrri fyllingu sunnan Torfunefsbryggju líklega 1971. Mynd: Rúnar Vestmann.



Mynd 5.19.2 Bakhús við Hafnarstræti 90 og 92 1971. Bráðabirgðaskýli dráttarbrautarinnar til hægri. Mynd: Rúnar Vestmann.



Mynd 5.19.3. Bátar í dráttarbrautinni á baklóð Hafnarstrætis 90 og 92. Mynd: Eðvarð Sigurgeirsson.



Mynd 5.19.4 Verslunin Eyjafjörður, fyrsti áfangi stórbyggingar. Rifið 1991. Mynd: Rúnar Vestmann.


[13] Dagur fimmtudaginn 27. september 1945.



Mynd 5.19.5 Blaðburðadrengir við Moggahöllina. Mynd: Gunnlaugur P. Kristinsson. Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 5.19.6 Moggahöllin. Ljósm: Dagur, Minjasafnið á Akureyri. Febrúar 1978.



Mynd 5.19.7. Byggingar, sem fjarlægðar hafa verið á síðustu áratugum. Ekki tæmandi yfirlit yfir bakhús og skúra.

HAFNARSTRÆTI 69

SÖGUÁGRIP

Óbyggð lóð. Tómasi Björnssyni var leigð lóðin 1926 og leyft að byggja þar bráðabirgðahús. Geymsluskúr eða útihús (hesthús) hefur staðið á lóðinni um tíma. Sjá myndir 5.2.1, 5.2.2 og 5.3.1.


UMHVERFI

Á grunnkorti frá 1924 (mynd 2.16) sést geymsluskúr á lóðinni auk bakhúsa austan götunnar. Einnig sjást þar landfyllingarnar, sem grafnar voru úr brekkunni, til þess að búa til byggingarland fyrir húsaröðina austan Hafnarstrætis.



Mynd 5.19.8 Geymsluskúr á lóðinni Hafnarstræti 69. Rósenborg austan Eyrarlandsvegar ber við himin. Mynd: Arthur Gook, Minjasafnið á Akureyri. 1929-30.

HAFNARSTRÆTI 84



Mynd 5.19.9 Mynd: O. Lübeck/Sächsische Landesbibliothek Abr. Deutsche Foteothek.



Mynd 5.19.10 Mynd: Dagur, Minjasafnið á Akureyri, 1989.



Mynd 5.19.11 Hafnarstræti 84 rifið. Mynd: ÁÓ 1990.



Mynd 5.19.12 Mynd: ÁÓ 1990.

Sjá einnig myndir 5.11.1, 5.11.4 og 5.13.1.

Byggingarár	1907. Rifið 1990	**Byggingarefni**	Timbur
Byggingarstíll		**Upphafleg notkun**	Íbúðarhús
Smiður			
Hönnuður			
Fyrsti eigandi	Eggert Stefánsson Melstað og Jón Stefánsson Melstað		

SÖGUÁGRIP

Árið 1906 var Eggert Stefánssyni Melstað leyft að fylla upp lóð og byggja á henni hús. Ári seinna var honum og Jóni Stefánssyni Melstað leyft að byggja tvíloftað hús á lóðinni.

Landsímastöð var í húsinu 1923-1945. Pósturinn var á jarðhæð en síminn var á annarri hæð. Íbúð símstöðvarstjóra var á efstu hæð.

Þakgerð hússins og hæð var frábrugðin öðrum húsum í húsaröðinni og stakk það nokkuð í stúf við þau (sjá einnig mynd 2.3 á bls. 8).

Húsið hefur verið sagt fyrsta steinsteypta íbúðarhúsið á Akureyri. Þegar húsið var rifið árið 1990 kom í ljós að húsið var hefðbundið timburhús en steypt var í bindinginn (þ.e. holrúm í grindinni fyllt af steypu) í hluta hússins eins og fleiri dæmi munu vera um.

6. Tillaga um verndarákvæði


Í gildi eru hverfisverndarákvæði aðalskipulags Akureyrar sem eiga við Hafnarstræti 86-92 og fleiri hús utan athugunarsvæðisins. Eitt hús á athugunarsvæðinu hefur sérstöðu í tvennum skilningi. Það eru Sigurhæðir, sem annars vegar er friðuð bygging en hins vegar utan við hina ákveðnu götumynd Hafnarstrætis. Húsið er ekki hluti þeirrar heildar sem markar sérstöðu svæðisins. Á hinn bóginn eru Sigurhæðir hluti ásýndar svæðisins, þ.e. þegar horft er að því utan frá. Af þessum sökum eru Sigurhæðir undanskildar í afmörkun varðveisluheildar.

Fjögur hús eru talin sérstaklega varðveisluverð. Þrjú þeirra eru timburhús, byggð sem verslunarhús og íbúðarhús í upphafi en eitt er steinsteypt pakkhús, sem breytt hefur verið og aðlagað nýju hlutverki. Sjö hús eru talin varðveisluverð sem samstæður húsa eða hluti heildar. Þar á meðal eru fimm steinsteypt hús í klassískum stíl. Gerð þeirra og staða er misjöfn. Til dæmis mætti endurnýja Hafnarstræti 71 með nýrri byggingu, sem félli vel að stíl og gerð annarra húsa í húsaröðinni.

Stóru nútímabyggingarnar, Hafnarstræti 81-89, eru flokkaðar sem „önnur hús“ þar sem gerð þeirra er ekki sérstök og staða þeirra í umhverfinu tryggð. Að vísu hefur þeim að hluta verið spillt með óheppilegum viðbótum, sem e.t.v. hefðu ekki komið til ef einhver skilgreind verndarákvæði hefðu gilt um götumynd Hafnarstrætis.

Með því að byggja í skörðin í húsaröðunum væri hægt að styrkja einkenni bæjarumhverfisins. Það á við um lóð nr. 69 og nr 75 en þá yrði geymslubygging rifin. Einnig mætti reisa hús á lóð nr. 84 en vitað er um áhuga á stækkun hússins nr. 82 til norðurs.

Lagt er til að skilgreint verði sérstakt hverfisverndarsvæði við Hafnarstræti 67-92 sem annars vegar tekur til sérstakra húsa og hins vegar til bæjarmyndar og heildar. Ákvæði gætu tekið mið af almennum hverfisverndarákvæðum aðalskipulagsins og skipulagsákvæðum, sem sett voru fram í tillögu að deiliskipulagi Drottningarbrautarreits. Þar sem afmörkunin er ekki hluti tillögu að deiliskipulagi svæðisins er ráðlegt að fara með ákvörðunina sem sérstaka skipulagsbreytingu á deiliskipulagi eða aðalskipulagi.



Mynd 6.1. Tillaga að afmörkun hverfisverndarsvæðis við Hafnarstræti sunnan Torfunefs.

7. Heimildaskrá

Héraðsskjalasafnið á Akureyri: Gömul grunnkort og skipulagskort.

Jónsbók. Skrá yfir lóðir og hús á Akureyri til ársins 1933.

Lóðaskrá Akureyrarbæjar.

Teikningasafn skipulags- og byggingardeildar Akureyrarbæjar.

Vefsíða: timarit.is. Blaðagreinar úr Degi 1945 og 1987 m.m.

- - -

Aðalskipulag Akureyrar 1927, 1972-1993, 1990-2018 og 2005-2018

Akureyri, deiliskipulag miðbæjar. 1981.

Guðmundur Hannesson. *Um skipulag bæja*. Reykjavík 1916.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. *Oddeyri húsakönnun*. Akureyri 1995.

Hjörleifur Stefánsson. *Akureyri Fjaran og Innbærinn, byggingarsaga*.Torfusamtökin 1986.

Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*. 1998

Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleifð II. Varðveisluannáll 1863-1990*. 2000.

Jón Hjaltason. *Saga Akureyrar I-IV*. Akureyri 1990-2004.

Páll Líndal. *Bæirnir byggjast*. Reykjavík 1982.

Steindór Steindórsson. *Akureyri, höfuðborg hins bjarta norðurs*. ÖÖ 1993.

Þorsteinn Gunnarsson. *Miðbær Akureyrar 1979*. Varðveizla og húsvernd.